

Aðfaranám í stærðfræði - 0 ein.

Undirbúningsnámskeið í stærðfræði verður haldið seinni partinn í ágúst 2012. Í námskeiðum viðskipta-, raunvísinda- og annað ár kennaraskor (grunnskóla) er gert ráð fyrir að nemendur hafi þessa grunnþekkingu.

Námslýsing: Fjallað verður um tölur, reikniaðgerðir, +og –, almenn brot, mengi, hnitakerfi, línur, bókstafareikning (algebru), jöfnur, ójöfnur, föll, hornaföll, flatarmál og rúmmál.

Námsmat: Þar sem hér er um undirbúningsáfanga að ræða sem ekki gefur námseiningar verður ekki um sérstakt námsmat að ræða. Það er hinsvegar mikilvægt fyrir nemendur með lítinn undirbúning í því sem talið er upp í námslýsingu og þá sérstaklega þeir sem ekki eru slepir í bókstafareikningi og notkun falla að sækja þetta námskeið og nýta tímann vel.

Kennari: Guðmundur Kristján Óskarsson lektor við viðskiptadeild.

Lesefni: Glósur og dæmi frá kennara sem nemendur fá aðgang að í byrjun námskeiðs. Annað efni sem gott getur verið að líta í eru þær bækur sem kenndar eru í stærðfræði í framhaldsskólum STÆ 102/103 202/203.

Tími: Námskeiðið stendur í eina viku frá 20.-24. ágúst og verður kennt kl. 18:05-19:45 í Háskólanum á Akureyri á Sólborg í stofu L-101. Einnig verður námskeiðið fjarkennt til þeirra staða sem kennt verður á næsta vetur.

Verð: Námskeiðsgjald kr. 6.500 greiðist fyrir upphaf námskeiðs í heimabanka: 0162-26-30620 kt. 520687-1229. Ath. að setja aðfaranám í skýringu. Ef greitt er síðar hækkar gjaldið í 7.500 kr.

Skráning: Á netinu. Munið að tilgreina við skráningu hvar þið sækid námskeiðið.